

Fundur stjórnar foreldrafélags Öldutúnsskóla, 11. apríl 2016 kl. 20.00

Mætt eru: Þröstur, Inga, Ingvar, Sigríður, Valerie, Stefanía, Snædís, Nikulás og Íris.

Dagskrá fundar: Vorhátíðin.

Önnur mál tekin fyrir:

Fyrst er rætt um skýrslu starfshóps um hagræðingar í sérgreinadeildum í grunnskólum Hafnarfjarðar. Vangaveltur um hverjir sátu í starfshópnum. Foreldraráð Hafnarfjarðar ætlar að senda umsögn um skýrsluna. Fram koma tillögur í skýrslunni að smátt og smátt sé verið að hagræða og sérdeildir verði lagðar niður. Draga smátt og smátt úr þjónustunni sem leiði að lokun. Að draga úr umsóknum í Klettaskóla og börnum verði kennt í heimaskólum - um leið og verið er að draga úr þjónustu í skólunum. Umdeilanlegar tillögur. Foreldraráð Hafnarfjarðar mun senda umsögn sem send verður fyrir fræðsluráðsfund sem haldinn verður 20. apríl nk.

Annað mál: Rætt um fund í Bæjarbíói. Þar var Guðmundur Fylkisson ræddi um týndu börnin, Helgi Gunnarsson hélt fyrirlestur og að lokum Geir Bjarnason með nýjar tölur um vímuefnaneyslu unglunga í Hfj. 150% aukning á kannabisneyslu í Hfj.

Vorhátíðin, föstudaginn 29. apríl kl. 16.30-18.30:

Tölur frá gjaldkera að það það sé til nægur peningur til að halda vorhátíð.

Búið var að setja í hlutverk á síðasta fundi.

Rætt um medalíur vs. frostpinna. Ákveðið að Inga heyri í bróður sínum hjá Kjörís um tilboð í ca 250-300 stk. Skoða með afgang af ís að einhver bekkurinn fái að selja hann.

Skemmtiatriði- Valdimar safnar því saman. Foreldrafélag og einhverjir nemendur í 9.-10. bekk sjá um sviðið. Kórinn mun syngja.

Skoða stöðu á hvað er til af andlitsmálningu. Þarf að kaupa slíkt. 10. bekkur hefur verið að mála.

Ítreka að tala við bekkjartengla 6. og 8. bekkjar vegna pylsu- og kökusölu.

Pylsusalan, 6. bekkur. Þröstur var kominn með tilboð frá Norðlenska. 300 einingar pantaðar.

Foreldrafélagið þarf að manna ýmislegt, senda póst á bekkjartengla svo að það verði gert.

Annað mál að lokum:

Stefanía segir frá samskiptum sínum við Siggú Dögg og veltir fyrir sér næsta vetri. Siggú Dögg var með fyrirlestur 8.og 9. bekk í fyrravetur og fyrirlestur fyrir foreldra unglिंगadeildar. Hún hefur lýst yfir að hún vilji koma næsta vetur og hitta 10. bekk.

Fundi slitið.